

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 243/2017

2019/EES/80/35

frá 15. desember 2017

um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1239 frá 6. júlí 2017 um viðurkenningu á Eþíópíu samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 56jv (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1412) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„56jv. **32017 D 1239**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1239 frá 6. júlí 2017 um viðurkenningu á Eþíópíu samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna (Stjtíð. ESB L 177, 8.7.2017, bls. 43).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2017/1239, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. desember 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. desember 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 177, 8.7. 2017, bls. 43.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.